

BIÓ

Disney · PIXAR

305. tbl. júní 2019

MY TOY STORY

mánaðarins

4





CHICAGO TOWN™



ALLIR Í HEIMINUM HAFA GLEYMT BÍTLUNUM.



TIME OUT

ALLIR NEMA JACK ...



THE GUARDIAN



FRÁ ÓSKARSVERBLAUNALEIKSTJÓRA **SLUMDOG MILLIONAIRE** OG HÖFUNDI **LOVE ACTUALLY**

YESTERDAY

FRUMSÝND 26. JÚNÍ

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LUXUS

SMÁRA  **BÍÓ**

HÁSKÓLA  **BÍÓ**

KRINGLAN  **SAMBÍÓ**

BORGAR  **BÍÓ**

 **TÉKKLAND**
Bifreiðaskoðun



Coca-Cola

Viddi og Bósi ljósár snúa aftur

Fólk sem kann vel að meta hinar frábæru teiknimyndir frá Pixar hefur ríka ástæðu til að gleðjast núna í júní þegar *Toy Story 4* kemur í bíó, en hún prýðir aðra af forsiðum blaðsins að þessu sinni eins og sjá má. Á hinni forsiðunni er ekki síður áhugaverð teiknimynd, *Leynilíf gæludýra 2*, sem á vonandi líka eftir að slá í gegn eins og fyrri myndin gerði fyrir nokkrum árum.

Annars inniheldur dagskráin mjög flottar myndir eins og sjá má á yfirlitinu hér fyrir neðan og má þar nefna nýja *X-Men* mynd, *Dark Phoenix*, fjórðu *Men in Black*-myndina, rómantísku kómediurnar *Long Shot* og *Yesterday*, hrollvekjuna *Annabelle Comes Home* og svo stórmerkilega heimildarmynd um knattspyrnugoðið Diego Maradona þar sem ekkert er dregið undan. Sjáumst í bíó!

Júnidagskrá bíóhúsanna:

5. júní	X-Men: Dark Phoenix	Bls. 14
5. júní	Leynilíf gæludýra 2	Bls. 16
12. júní	Men in Black: International	Bls. 18
19. júní	Toy Story 4	Bls. 20
19. júní	Long Shot	Bls. 22
19. júní	Diego Maradona	Bls. 24
26. júní	Annabelle Comes Home	Bls. 26
26. júní	Yesterday	Bls. 28

Kíkið svo einnig á DVD- og VOD-útgáfuna hinum megin í blaðinu, ásamt kynningu á einum nýjum tölvuleik.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá **býfluguna** og **taktu þátt í leiknum!**

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla býfluguna sem flöggraði inn á eina síðuna hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 🐝

Ef þú finnur býfluguna og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem býflugan er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og **póstnúmer** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. júní**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok júní.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu lykilinn:

Eyþór Arnar Magnússon, Sæviðarsundi 48, 104 Reykjavík
 Lisa Hue Nguyen, Réttarholtsvegi 81, 108 Reykjavík
 Pétur Ágúst Berthelsen, Brekkustíg 39, 260 Reykjanesbæ
 Tómas Dagur Atlason, Holtsgötu 1, 101 Reykjavík
 Dórothea Lörenzadóttir, Ránargötu 15, 101 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

305. tbl. júní 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök



Hundur
 hennar
HÁTIGNAR

FRUMSÝND 3. JÚLÍ

LAUGARÁS  **BÍÓ** **SMÁRA**  **BÍÓ**


HÁSKÓLA  **BÍÓ** **BORGAR**  **BÍÓ**



VERNDAÐU HÚÐINA ELSKAÐU STRÖNDINA



LAUST VIÐ
OCTINOXATE & OXYBENZONE




protect &
moisture



Keanu Reeves fer eins og flestir áttu von á á kostum í þriðju John Wick-myndinni sem hefur fengið frábærar viðtökur.

Gott í bíó

Það fór eins og margir voru að vona að þriðja *John Wick*-myndin, *Parabellum* sem var fumsýnd 17. maí, gefur þeim tveim fyrri ekkert eftir og hefur hlotið jafnvel enn betri dóma en þær, bæði hjá gagnrýnendum svo og aðdáendum fyrri myndanna. Hún er ein af þeim úrvalsmyndum maímánaðar sem eru í sýningu þegar þetta blað kemur út ásamt myndum eins og *Pokémon Detective Pikachu*, *After* og *The Hustle* auk þess sem nýbúið er að frumsýna myndirnar *Aladdin* frá Disney og spennutryllinn *Brightburn* sem hafa báðar fengið fína dóma. Framundan í síðustu viku maímánaðar eru svo frumsýningar á þremur gjörólíkum myndum, þ.e. myndinni *Rocketman* þar sem tónlistarferli Eltons John eru gerð skil, stórmyndinni *Godzilla: King of the Monsters* sem er óbeint framhald af hinni þrælgöðu mynd *Godzilla* frá árinu 2014 og svo „coming of age“-myndinni *Booksmart* sem margir telja þá bestu í þeim flokki síðan *Superbad*. Sjáumst í bíó!




Anna

Nýjasta myndin frá Luc Besson, þ.e. sem hann bæði skrifar handritið að og leikstýrir auk þess að framleiða, heitir *Anna* í höfuðið á aðalpersónunni og er væntanleg í bíó seinni partinn í júlí ef áætlanir ganga eftir. Hugurinn hvarflar óneitanlega að næstsíðustu mynd Bessons sem leikstjóra, *Lucy*, sem var frumsýnd 2014, sló í gegn eins og flestir muna og fækkaði svo sannarlega ekki í aðdáendahópi aðalleikkonunnar Scarlett Johansson sem var frábær í titilhlutverkinu. Í þetta sinn er það hin 27 ára gamla rússneska Sasha Luss sem leikur titilhlutverkið, en Sasha hefur allt frá árinu 2008 verið ein eftirsóttasta fyrirsæta heims og starfað fyrir nánast öll þekktustu tískumerkin. Hún kom fram í sínu fyrsta hlutverki í síðustu mynd Bessons, *Valerian and the City of a Thousand Planets*, en leikur nú persónu sem eftir stiklu myndarinnar að dæma hlýtur að vera skyld John Wick – eða hefur a.m.k. lært að berjast í sama skóla og hann. Kíkið endilega á þessa stiklu sem er þrælskemmtileg fyrir þá sem kunna að meta bardagalistir og hasaratriði.



Terminator: Dark Fate – Fyrsta stiklan

Við minntumst í síðasta blaði á nýju *Terminator*-myndina *Dark Fate* sem frumsýna á í haust og vöktum athygli á að hún gerist í framhaldi af *Judgement Day* þannig að algjörlega er strokað yfir allt sem gerðist í myndunum þremur sem komu þar á eftir, þ.e. *Rise of the Machines*, *Salvation* og *Genisys*. Síðan hefur það gerst að fyrsta stiklan úr myndinni var frumsýnd í maí og er hún áhugaverð í meira lagi þótt hún gefi í sjálfu sér nánast ekkert upp um söguna í myndinni og búi til fleiri spurningar en hún svarar. Við sjáum að vísu flestar aðalpersónurnar (höldum við), þ. á m. Söruh Connor og svo Arnold Schwarzenegger, en fáum ekkert að vita um hvað á daga þeirra hefur drifið síðastliðin 28 ár. Athygli hefur vakið að tónlistin í stiklunni er ný og mögnuð útgáfa af laginu *Hunter* eftir Björk.



NICOLE KIDMAN REESE WITHERSPOON SHAILENE WOODLEY LAURA DERN ZOË KRAVITZ OG MERYL STREEP

Leyndarmál koma alltaf upp á yfirborðið.



Pú getur
horft á fyrri
þáttaröð á
2 MARAÐON

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

HEIMILI
HBO

L'ORÉAL
PARIS



Segja má að *Konungur ljónanna* sé öðruvísi en aðrar myndir sem Disney hefur endurgert eftir eldri teiknimyndum því hún inniheldur engar mannverur og er alfarið tölvuteiknuð.

Konungur ljónanna snýr aftur

Ein af aðalmyndum júlímánaðar í kvikmyndahúsum heimsins er ný útgáfa af sögunni um Simba sem var hrakinn á brott frá fjölskyldu sinni eftir að pabbi hans, Mufasa, dó og kynntist þá hinum kostulegu félögum Tímon og Púmba sem segja má að hafi gengið honum bæði í foreldra- og vinastað. Myndin er eins og flestir vita endurgerð á teiknimyndinni *The Lion King* sem var frumsýnd árið 1994 og sló aðsóknarmet þegar hún varð tekjuhæsta teiknimynd Disney til þess dags auk þess sem hún var einstök að því leyti að vera frumsamin saga en ekki byggð á áður útgefnu ævintýri eins og flestar teiknimyndir Disney höfðu verið. Það sem er líka öðruvísi við þessa mynd miðað við aðrar Disney-myndir er að í henni kemur engin mannvera við sögu og er hún því 100% tölvuteiknuð en ekki „live-action“-mynd eins og t.d. *Fríða og dýrið*, *Skógarlíf* og fleiri.

Samkvæmt okkar heimildum snýr aðeins einn leikari úr 1994-teiknimyndinni til baka í þessari og það er James Earl Jones sem talar fyrir Mufasa. Hins vegar skilst okkur að stórkostleg tónlist Howards Shore og lög Eltons Johns verði á sínum stað auk nýrra tónsmíða.



Fyrir Skara, hinn illa innrætta föðurbróður Simba, talar Chiwetel Ejiofor.



Það er JD McCrary sem talar fyrir Simba þegar hann er ungur en svo tekur Danny Glover við eftir að hann vex úr grasi.



Nýtt upphaf kóngulóarmannsins

Önnur stórmynd sem mun prýða dagskrá kvikmyndahúsanna í júlí er *Spider-Man: Far From Home*. Hún gerist eftir atburðina í *Avengers: Endgame* og eru þeir sem ekki hafa séð þá mynd en ætla sér það og vita ekki hvað gerist í henni varaðir við að skoða nýjustu stíklurnar því í þeim er að finna upplýsingar sem spilla verulega söguþræði *Endgame*. Um leið er *Far From Home* nokkurs konar upphaf að nýrri seríu Marvel-mynda, þ.e. nýrri útgáfu af hinum sameinaða ofurhetjuheimi fyrirtækisins sem hlépt var af stökkunum með myndinni *Iron Man* árið 2008. Reyndar skilst okkur hér á Myndum mánaðarins að hugmyndin sé að skipta þessum sameinaða ofurhetjuheimi í tvennt í næstu myndum en að þeir blandist svo saman að einhverju leyti eftir því sem fleiri myndir verða gerðar. Þetta er þó óstaðfestur orðrómur enn sem komið er.



Í *Far From Home* fer Peter Parker í Evrópureisu með skólafélögum sínum og hefur hugsað sér að hvíla Spider-Man-búninginn á meðan. Sú áætlun fer þó fljótlega fyrir lítið þegar Nick Fury mætir á svæðið og Peter kynnist Quentin Beck (Jake Gyllenhaal), öðru nafni Mysterio. Fljótlega eru þeir svo komnir í baráttu við ófrýnilega óvini en um leið glímur Peter við að vera orðinn ástfanginn af skólasystr sinni, Michelle, sem Zendaya leikur. Við skulum vona að það gangi allt saman upp.

Í *Far From Home* fer Peter Parker í Evrópureisu með skólafélögum sínum og hefur hugsað sér að hvíla Spider-Man-búninginn á meðan. Sú áætlun fer þó fljótlega fyrir lítið þegar Nick Fury mætir á svæðið og Peter kynnist Quentin Beck (Jake Gyllenhaal), öðru nafni Mysterio. Fljótlega eru þeir svo komnir í baráttu við ófrýnilega óvini en um leið glímur Peter við að vera orðinn ástfanginn af skólasystr sinni, Michelle, sem Zendaya leikur. Við skulum vona að það gangi allt saman upp.



Peter Parker er staddur í Feneyjum á Ítalíu þegar hann kynnist Quentin Beck, öðru nafni Mysterio, í gegnum Nick Fury, en Quentin er leikinn af Jake Gyllenhaal og býr yfir mögnum kröftum.

Hreinar hendur

með **nýjum** Voltaren Gel
nuddhaus



NÝTT



1. RJÚFA



2. TOGA



3. BERA Á

Voltaren 



pau voru flott í Cannes, Brad Pitt, Leonardo DiCaprio og Margot Robbie sem fara með stærstu hlutverkin í *Once Upon a Time ... in Hollywood* ásamt leikstjóranum Quentin Tarantino.

Frábærar viðtökur í Cannes

Niúnda mynd Quentins Tarantino, *Once Upon a Time ... in Hollywood* var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes 21. maí og er skemmt frá því að segja að hún fékk frábærar viðtökur áhorfenda sem risu úr sætum eftir sýninguna og klöppuðu bæði leikstjóranum Quentin Tarantino og helstu leikurum myndarinnar lof í lófa í margar mínútur. Gagnrýnendur sem voru í salnum tóku líka vel við sér og þegar þetta er skrifað hafa átján þeirra birt gagnrýni sína á Metacritic og gefið myndinni 8,8 í meðaleinkunn. Á Imdb hafa tæplega fjögur þúsund manns gefið henni 9,8 í meðaleinkunn og það er því alveg ljóst að heimsbyggðin hefur til mikils að hlakka þegar myndin verður frumsýnd í byrjun ágúst.

Once Upon a Time ... in Hollywood gerist árið 1969 í Hollywood og fjallar um leikarann Rick Dalton sem er að reyna að „meika það“ ásamt staðgengli sínum, Cliff Booth. Roman Polanski er einn heitasti leikstjórinn á svæðinu eftir að hafa sent frá sér *Rosemary's Baby* en atburðarásin tekur óvænta beygju þegar áhangendur Charles Manson myrða eiginkonu Polanskis, Sharon Tate.

Fyrir utan þau Leonardo DiCaprio, Brad Pitt og Margot Robbie í aðalhlutverkunum fara m.a. þau Dakota Fanning, Al Pacino, Kurt Russell, Luke Perry (í sinni síðustu mynd), Timothy Olyphant, Lena Dunham, Michael Madsen, James Remar, Rebecca Gayheart, Rumer Willis og Bruce Dern með stór hlutverk í myndinni.



Dave Bautista leikur lögreglumanninn Vic sem dregur Uber-leigubílstjórann Stu (Kumail Nanjiani) með sér inn í atburðarás sem gæti hæglega orðið þeim báðum að aldurtíla.

Líf og limir að veði

Gamanmyndin *Stuber* eftir leikstjóranum Michael Dowse (*Fubar, What If, Goon*) verður frumsýnd 10. júlí og ætti að kæta marga sem kunna að meta hið gamalkunna „buddy“-þema þar sem tveir gerólíkir einstaklingar taka höndum saman við óvenjulegar aðstæður. Þeir eru hér leiknir af Kumail Nanjiani og Dave Bautista og segir myndin frá lögreglumanninum Vic sem af illri nauðsyn pantar sér leigubíl frá Uber og lendir þá á hinum hrekklasa Stu sem gat engan veginn átt von á að farþegi hans væri á hælunum á stórhættulegum hryðjuverkamönnum ... sem hika ekki við að skjóta hvern þann sem reynir að handsama þá. En það er samt nákvæmlega það sem Stu lendir í þegar Vic pantar hann og framundan er atburðarás sem gæti hæglega kostað þá báða lífið. Kíkið á skemmtilega stíkluna.



Kaya Scodelario leikur Haley Keller sem lendir á milli steins og sleggju þegar hún reynir að bjarga föður sínum frá bráðum bana.

Köttur og mús

Tryllirinn *Crawl* eftir leikstjóranum Alexandre Aja (*The Hills Have Eyes*) verður einnig frumsýndur 10. júlí og lofar góðu ef marka má kraftmikla fyrstu stíkluna sem áhugasamir ættu að kynna sér. Myndin gerist í Flórída þegar nánast allir íbúar við austurströndina hafa flúið heimili sín vegna þess að fellibylur af stærstu gerð er á leiðinni með tilheyrandi eyðileggingu og flóðum. Þegar maður að nafni Dave Keller lætur ekkert frá sér heyrir ákveður dóttir hans, Haley, að fara heim til hans og athuga hvað orðið hafi um hann. Þá kemur í ljós að hann hefur slasast illa í kjallara húss síns og getur sig hvergi hrært og ef það er ekki nógu slæmt þá kemst Haley að því að kjallarinn er bókstaflega fullur af krókóðilum sem hafa hugsað sér gott til glóðarinnar. Við kíkjum betur á þessa mynd í næsta tölublaði!



AÐEINS
873 KR.
Á MANN



**4 BORGARA
4 TILBOÐ**
— ALLA ÞRIÐJUDAGA —



3.490 kr.

4 Original kjúklingaborgarar
og 2 lítrar gos





Midway-orrustan

Nýjasta mynd stórmyndakónsins Rolands Emmerich (hér fyrir ofan) er nú komin í viðamikla lokavinnslu enda má búast við að tæknibrellurnar í henni verði margar og mikilfenglegar. Myndin heitir *Midway* og dregur nafn sitt af samnefndri sjóorrustu á milli Bandaríkjanna og Japans í heimsstyrjöldinni síðari sem átti sér stað vestan við Midway-eyju á Kyrrahafi 4.–7. júní 1942, sex mánuðum eftir að japanski flugherinn hafði gert áráðs á flota Bandaríkjanna í Pearl Harbour við Hawaii-eyjar. Í Midway-orrustunni öttu kappi bandarísku flotaforingjarnir Chester Nimitz, Frank Jack Fletcher og Raymond A. Spruance og japanskir kollegar þeirra, Isoroku Yamamoto, Chūichi Nagumo og Nobutake Kondō, og voru það þeir síðarnefndu sem gerðu árásina, en markmið Japana var sem fyrr að þurrka út allan flota Bandaríkjanna á Kyrrhafi svo þeir gætu verið þar einráðir. Þegar upp var staðið höfðu báðir aðilar tapað nokkrum skipum en það sem gerði gæfumuninn var að Bandaríkjamaönnum tókst að skjóta niður eða eyðileggja allar flugvélnar sem Japanir voru með á skipum sínum og lama þá þar með í lofti á meðan þeir sjálfir áttu nóg af flugvélum eftir. Talið er að Bandaríkjamaenn hafi misst 307 manns í orrustunni en Japanir misstu meira en þrjú þúsund manns, þ. á m. alla sína flugmenn.

Myndin verður frumsýnd 8. nóvember og með aðalhlutverkin fara þau Woody Harrelson, Luke Evans, Mandy Moore, Patrick Wilson, Ed Skrein, Aaron Eckhart, Nick Jonas, Darren Criss og Dennis Quaid ásamt fjölmörgum þekktum leikurum í aukahlutverkum.



Midway-orrustunni hafa verið gerð mikil og góð sagnfræðileg skil og eru áhugasamir sem ætla að sjá myndina hvattir til að kynna sér málin enda alltaf skemmtilegra að þekkja dálítið til kringmstæðna þegar horft er á sannsögulegar myndir.



Bill og Ted snúa aftur

Kvikmyndirnar *Bill & Ted's Excellent Adventure* (1989) og framhaldsmyndin *Bill & Ted's Bogus Journey* (1991) vöktu mikla lukku fyrir þrjátíu árum en þar brugðu þeir Keanu Reeves og Alex Winter sér í hlutverk nördanna Teds og Alex sem með aðstoð tímafélaga ferðuðust um tíma og rúm í góðlegri viðleitni til að bjarga heiminum frá glötun og lentu auðvitað í hinum kostulegustu ævintýrum og aðstæðum um leið.

Á næsta ári, nánar tiltekið í ágúst 2020, verður frumsýnd ný mynd um þá félag, *Bill & Ted Face the Music*, þar sem aðdáendur þeirra og aðrir áhugasamir fá að sjá hvað á daga þeirra hefur drifið síðan þeir fóru í tímaferðalögin afdrifaríku og ekki síður hvað þeir eru að bardúsa í dag, en eins og þeir muna sem sáu gömlu myndirnar dreymdi þá Ted og Bill um að verða rokkstjörnur. Hermt er að í nýju myndinni séu þeir enn að reyna að láta þann draum rætast.



Hundur hennar hátignar

Enginn bíómánuður getur liðið án þess að boðið sé upp á góða teiknimynd og í júlí verður það voffinn Rex sem heldur uppi fjörinu, en hann er svo heppinn að hafa fengið inni sem einn af hundunum í hirð Elísabetar Englandsdrottningar.

Rex er ákaflega glaðlyndur hvolpur sem á það til að fara í taugarnar á hinum hundunum við hirðina með galsa sínum og stundum stríðni. Hann er líka alveg óskaplega forvitinn og það á eftir að leiða til þess að hann gleymir sér einn góðan veðurdag og ráfar inn á ókunnar slóðir þar sem hann ratar ekki heim aftur. Til að gera málið verra endar hann í öloglegum hundaatsklúbbi og þar sem hann á frekar litla möguleika í slíkum bardögum verða góð ráð dýr. Við fjöllum betur um þessa skemmtilegu mynd í næsta blaði. Sjáið stikluna.





Robert Pattinson = Batman

Fyrri hluta máimánaðar gekk sá orðrómur fjöllunum hærra að búið væri að ráða Robert Pattinson til að leika Bruce Wayne/Batman í næstu mynd sem gera á um hann og verður í leikstjórn Matt Reeves sem gerði m.a. myndirnar *Cloverfield* og *War for the Planet of the Apes*. Samkvæmt vefsíðunni wegotthiscovered.com hefur nú verið staðfest að þetta er rétt og að það verði í raun Robert sem muni leika kappann í myndinni *The Batman* sem áætlað er að verði frumsýnd sumarið 2021.



Ekkert hefur verið gefið upp um söguþráð myndarinnar en vitað er að handritið, sem Matt Reeves skrifar sjálfur, sækir að einhverju leyti sögugmyndina í handritið sem Ben Affleck skrifaði fyrir nokkrum árum, en eins og sumir muna kannski hafði Ben uppi áætlanir um að leikstýra sinni eigin *Batman*-mynd með sjálfum sér í aðalhlutverki. Af einhverjum ástæðum datt það upp fyrir, en þó ekki það langt að hugmyndin hefur greinilega lifað af og verður sem sagt eftir allt saman að bíómynd. Bíða menn nú spenntir eftir að sjá hvaða aðrir leikarar fá hlutverk í myndinni en hún á að byrja í tókum í nóvember og segir orðrómurinn að Batman muni í henni glíma við marga af sínum helstu óvinum alla í einu. Við sjáum til.



Keppir Will Ferrell fyrir Ísland?

Eins og margir höfðu heyrt fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefur Will Ferrell verið að leika í myndinni *Eurovision* í leikstjórn David Dobkin. Lítið fleira er vitað um þá mynd nema hvað að á dögnum upplýsti Gísli Marteinn að Will hefði látið hafa eftir sér að hann myndi leika söngvara í myndinni sem keppti fyrir Ísland í söngvakeppninni ásamt íslensku söngkonu sem Rachel McAdams leikur. Þetta kitlar óneitanlegu íslensku þjóðarsálina og ef satt er þá verður nú a.m.k. helmingi skemmtilegra að sjá þessa mynd, ekki síst ef Will fer alla leið og fær nógu mörg stig til að sigra!



Segir ekki orð

Leikstjórinn og handritshöfundurinn Christopher Nolan er í uppáhaldi hjá mörgum og engin furða þar sem hann hefur að margra mati gert nokkrar af bestu myndum síðastliðinna ára svo sem *Following*, *Memento*, *Batman*-þrileikinn, *The Prestige*, *Inception*, *Interstellar* og *Dunkirk*. Hafa þeir hinir sömu beðið spenntir eftir að vita eitthvað um næstu mynd hans sem fyrir löngu er komin í tókur enda hefur hún nú þegar fengið frumsýningardaginn 17. júlí 2020. En það er sama hvað menn hafa spurt, hvorki Nolan né nokkur af leikurum myndarinnar hafa látið uppi nokkuð það um myndina sem að gagni kemur og eins og staðan er nú er það eitt vitað að hún gerist í alþjóðlegum heimi njósna og er tekin upp í sjö löndum. Tvennt nýtt er þó að fréttu af þessari mynd og það fyrra er að hún mun heita *Tenet*, hvað sem það annars þýðir. Hitt er að fleiri leikarar hafa verið ráðnir og skipa nú aðalhlutverkin þau Robert Pattinson, Elizabeth Debicki, Aaron Taylor-Johnson, Kenneth Branagh, John David Washington og Michael Caine. En því miður þurfum við sem sagt að bíða lengur eftir sögunni.



Skemmtileg sjálfa

Við ljúkum þessum dálkum að þessu sinni með þessari skemmtilegu mynd Elle Fanning sem hún tók af sjálfri sér og Angelínu Jolie á tókustað myndarinnar *Maleficent: Mistress of Evil*, en hún er eins og nafnið bendir til framhald Disney-myndarinnar *Maleficent* sem þær léku í árið 2014. Þær eru báðar í sömu hlutverkum í nýju myndinni, þ.e. Angelína í hlutverki hinnar illu og öfundsjúku nornar Maleficent og Elle leikur prinsessuna Auroru sem er einmitt ástæðan fyrir öfundsyki Maleficent. Nýja myndin verður frumsýnd í október og ef eitthvað er að marka stíkluna er um að ræða stórkostlega ævintýramynd þar sem ekkert hefur verið til sparað. Helgast það sjálfsagt af vinsældum fyrri myndarinnar sem halaði inn tæplega milljarð dollara í kvikmyndahúsum. Með önnur stór hlutverk fara m.a. Michelle Pfeiffer, Ed Skrein, Juno Temple, Lesley Manville, Imelda Staunton og Harris Dickinson.



X-Men: Dark Phoenix

Ofurhetjur / Ævintýri



Aðalhlutverk: Sophie Turner, Jessica Chastain, James McAvoy, Evan Peters, Nicholas Hoult, Jennifer Lawrence, Michael Fassbender, Kodi Smit-McPhee, Tye Sheridan og Alexandra Shipp **Leikstjórn:** Simon Kinberg **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka og Egilshöll, og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 5. júní



Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Simon Kinberg, ræðir hér við Michael Fassbender fyrir tókur á einu atriði myndarinnar.

Veistu svarið?

Jean Grey var eins og flestir aðdáendur *X-Men*-sagnanna vita leikin af Famke Janssen í fyrri myndunum áður en Sophie Turner tók við hlutverki hennar í *Apocalypse*. Færri vita kannski að eiginmaður hennar er X-maðurinn Scott Summers, öðru nafni ...?



©2019

Allir eiga sér aðra hlið

Þegar alvarleg bilun í geimskutlu ógnar lífi geimfaranna í henni fær NASA Charles Xavier til að setja saman björgunarteymi úr hópi X-manna. Aðgerðin heppnast með þeirri undantekningu að Jean Grey verður fyrir gríðarlega öflugri sólareldingu sem hefði átt að ganga af henni dauðri en kallar þess í stað fram í henni nýja og illa útgáfu af persónu sem nefnist Dark Phoenix.

X-Men: Dark Phoenix er tólfta *X-Men*-myndin í seríunni sem Bryan Singer hleypti af stokkunum árið 2000 og um leið sjöunda myndin í meginsögunni, þ.e. fyrir utan hliðarmyndirnar *X-Men Origins: Wolverine*, *The Wolverine*, *Logan* og *Deadpool*-myndirnar tvær. Hún gerist árið 1992, nokkrum árum eftir atburðina í *X-Men Apocalypse*, þegar X-fólkið hefur um nokkurt skeið lifað í sátt og samlyndi við aðra Jarðarbúa og um leið gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu þar sem hæfileikar þeirra hafa verið notaðir til góðs. Því mikilvæga jafnvægi er nú ógnað þegar Dark Phoenix yfirtekur líkama Jean Grey enda býr hún m.a. yfir ógnarkrafti sólarinnar og er sterkari en allir hinir X-mennirnir til samans. Hvað er til ráða gegn slíkri ógn?



Það er enska leikkonan Sophie Turner sem leikur Jean Grey eins og hún gerði í *X-Men: Apocalypse*, en Sophie er einnig þekkt fyrir að leika Sönsu Stark í *Game of Thrones*-sjónvarpsþáttunum.

Punktur

- Sagan í myndinni er byggð á einni vinsælustu *X-Men*-sögunni, *The Dark Phoenix Saga*, sem kom upphaflega út árið 1980 og var í nokkrum bindum. Í hana hefur lauslega verið vísað í fyrri myndunum en hér hefur hún verið kvikmynduð í heild sinni í fyrsta sinn.
- Hermt er að *The Dark Phoenix* sé síðasta myndin í *X-Men*-sögunni sem hófst árið 2000 og sagði frá þeim persónum og leikendum sem kvikmyndaáhugafólk hefur síðan kynnst vel og náði á síðastliðnum 19 árum. Ný *X-Men*-saga mun svo væntanlega hefjast frá og með myndinni *The New Mutants* sem frumsýnd verður í apríl á næsta ári.



Jessica Chastain leikur dularfulla geimveru sem gerir hvað hún getur til að fá Phoenix til að snúast gegn félögum sínum og mannkyninu.

ERTU LJÓNHEPPINN?

VINNUR ÞÚ APPLE WATCH
SNJALLÚR



X-MEN

D A R K P H O E N I X

VINNINGAR:

4X APPLE WATCH SNJALLÚR
10X KASSAR AF LION
100X BÍÓMIÐAR Á X-MEN

 VERTU MEÐ Á
[FACEBOOK.COM/LIONICELAND](https://www.facebook.com/lioniceland)

FRUMSÝND 5. JÚNÍ 2019



Þú þarft að hafa náð 18 ára aldri til að taka þátt

Gæludýr hafa líka tilfinningar

Hundurinn Max og öll gæludýrin sem hann þekkir snúa aftur í bíó 5. júní þegar rétt um þrjú ár eru liðin síðan fyrri myndin um þau sló í gegn sumarið 2016. Sem fyrr skyggnumst við hér á bak við tjöldin í lífi gæludýranna og fáum að sjá enn betur en síðast hvað þau taka sér fyrir hendur þegar eigendurnir sjá ekki til.

Það þarf ekki að hvetja neinn sem sá fyrri myndina til að sjá þessa líka en þær eru eins og kunnugt er gerðar af þeim sömu og gerðu *Aulinn ég*-myndirnar og myndirnar um litlu gulu skósvainana. Þeir sem kunnu að meta þann skemmtilega húmor eru hér á heimavelli!

Punktar

- Myndin verður sýnd bæði með íslenski talsetningu og enski en í henni eru það m.a. þau Kevin Hart, Dana Carvey, Jenny Slate, Lake Bell, Patton Oswalt, Eric Stonestreet, Harrison Ford (sem hér ljær teiknimyndapersónu rödd sína í fyrsta sinn), Tiffany Haddish, Nick Kroll og Bobby Moynihan sem tala fyrir helstu persónurnar.




Leynilíf gæludýra 2

Teiknimynd


L 86 min

Íslensk talsetning: Sigurður Þór Óskarsson, Eypór Ingi Gunnlaugsson, Hilmir Snær Guðnason, Stefanía Svavarsdóttir, Halldór Gylfason, Valdimar Örn Flygenring, Salka Sól Eyfeld Hjálmarsdóttir, Björgvin Frans Gíslason, Selma Lóa Björnsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Ævar Þór Benediktsson og fleiri **Leikstjórn:** Selma Lóa Björnsdóttir
Bíó: Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

Frumstýnd 5. júní



Halló Apple Pay



Það tekur aðeins örfáar mínútur að koma í viðskipti í gegnum Landsbankaappið.



Ef ekki þau, hver þá?

Þegar MIB-leynipjónustan fær veður af því að ný tegund geimvera sem geta tekið á sig hvaða mynd sem er hafi uppi áætlan um að taka öll völd á Jörðu með tilheyrandi útrýmingarhættu fyrir mannkynið eru þau M og H send út af örkinni til að leysa málið. Það á hins vegar eftir að reynast hægara sagt en gert.

Fjórða *Men in Black*-myndin verður frumsýnd 12. júní, milljónum aðdáenda þessarar frumlegu og fyndnu kvikmyndaseríu sem leikstjórinn Barry Sonnenfeld skapaði árið 1997 vafalaust til mikillar ánægju. Þeir K og J sem Tommy Lee Jones og Will Smith léku í fyrstu myndunum þremur hafa nú lagt minnisútblurrkarann á hilluna og við keflinu eru tekin þau H og M sem leikin eru af Chris Hemsworth og Tessu Thompson. H er orðinn nokkuð reyndur í viðskiptum við geimverur en M er nýliði sem er þó alveg sannfærð um að þetta starf sé eins og sniðið fyrir sig. Á það á auðvitað eftir að reyna en þegar sá grunur vaknar að innan MIB-leynipjónustunnar sé svikari verða málin enn snúnari og hættulegri en nokkur gat séð fyrir ...



Men in Black: International

Vísindaskáldsaga / Ævintýri / Gamanmynd



Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Tessa Thompson, Emma Thompson, Liam Neeson, Rebecca Ferguson, Kumail Nanjiani og Rafe Spall
Leikstjórn: F. Gary Gray **Bió:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Kringlunni og Egilshöll, og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 12. júní



Þessi litla geimvera, Pawny, kemur talsvert við sögu í myndinni og það er leikarinn og grínistinn Kumail Nanjiani sem ljær henni rödd.

Veistu svarið?

Þetta er í þriðja sinn sem þau Chris Hemsworth og Tessa Thompson leika saman í mynd en það gerðu þau einnig í *Thor: Ragnarök* og *Avengers: Endgame*. Í þessum myndum lék Chris þrumuguðinn Þór en hvaða persónu lék Tessa?



Tessa Thompson og Chris Hemsworth leika aðalhlutverkin í myndinni, MIB-útsendarana M og H sem þurfa að koma í veg fyrir stórbrotin áform stórhættulegra geimvera um að taka völdin á Jörðinni.

Punktur

- Sagan í myndinni gerist um sjö árum eftir atburðina í þriðju *Men in Black*-myndinni sem var einmitt frumsýnd fyrir sjö árum, 2012.
- Handritshöfundar myndarinnar eru félagarnir Matt Holloway og Art Marcum en þeir skrifuðu m.a. handrit myndanna *The Last Knight* og *Iron Man* og eru nú að skrifa handrit hinnar væntanlegu *Masters of the Universe* þar sem ofurhetjan He-Man er allt í öllu.
- Leikstjóri *Men in Black: International* er F. Gary Gray sem á margar góðar myndir að baki, svo sem *Fast & Furious 8*, *Straight Outta Compton*, *Law Abiding Citizen*, *Be Cool*, *The Italian Job* og *A Man Apart*.



Við vitum ekki hvernig þau M og H koma sér í þessar aðstæður en það kemur auðvitað í ljós þegar myndin verður frumsýnd 12. júní.

VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI



nettó

Lægra verð - léttari innkaup



Toy Story 4

Leikfangasaga 4

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Felix Bergsson, Magnús Jónsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Tinna Hrafnisdóttir, Oddur Júlíusson, Orri Huginn Ágústsson, Valdimar Flygenring, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Karl Ágúst Úlfsson og fleiri **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Krínglunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Háskólabíó, Laugarásbíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Skjaldborgarbíó, Króksbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 19. júní



Tilbúin í ferðalag?

Fjórða *Toy Story*-myndin verður frumsýnd 19. júní en níu ár eru nú liðin síðan þriðja myndin var frumsýnd og 24 ár síðan fyrsta myndin, sem var um leið fyrsta 100% tölvuteiknaða bíómynd sögunnar, reyndist upphafið að þeirri sigurgöngu Pixar-fyrirtækisins sem enn stendur yfir og getið hefur af sér 21 af vinsælustu teiknimyndum síðastliðins aldarfjórðungs.

Í *Toy Story 4* mæta að sjálfsgöðu öll gömlu og góðu leikföngin til leiks á ný með Viddu og Bósa ljósár í fararbroddi. Auk þess hafa nokkur ný leikföng bæst í hópinn, þar á meðal plastgaffallinn Fork, sem eigandi leikfanganna, Bonnie, bjó sjálf til og á eftir að verða örlagavaldurinn í sögunni þegar hann týnist. Við það getur Viddi ekki sætt sig og ákveður að finna Fork og koma honum heim á ný. Í þeim björgunarleiðangri gerast svo vægast sagt stórbrotin hlutir sem eiga eftir að fá Viddu og vini hans til að endurmeta tilveru sína ...

Punktar

- Myndin verður sýnd í þrívídd og bæði með íslenski talsetningu og enski auk þess sem nokkrar sýningar verða á henni með pólsku talsetningunni. Í ensku útgáfunni eru það sem fyrr þeir Tom Hanks og Tim Allen sem tala fyrir þá Viddu og Bósa og með önnur hlutverk fara margir þekktir leikarar eins og Keanu Reeves, Jordan Peele, Joan Cusack, Christina Hendricks, Patricia Arquette, Wallace Shawn, Timothy Dalton, Keegan-Michael Key, Bonnie Hunt og Laurie Metcalf.
- Þess má geta til gamans að þeir Tom Hanks og Tim Allen hafa látið hafa eftir sér að lokaatriðin í *Toy Story 4* séu einhver eftirminnlegustu atriði sem þeir hafa leikið í. Tom lýsti þeim sem „sögulegum“.



NÓA

NÝTT

NÓA

Saltkaramellu
Hnappar

Glænýir hnappar
með karamellu og
sjávarsalti

NÓADAGURINN
Besti dagur vikunnar!

Ólíklegt, en ekki ómögulegt

Fred Flarsky er góðum rithöfundarhæfileikum gæddur en hefur samt átt í erfiðleikum með að festa sig í sessi í greininni, aðallega vegna þess að hann á það til að missa stjórn á sér í aðstæðum sem hann má ekki missa stjórn á sér í. Þegar honum býðst að reyna sig við ræðuskrif fyrir forsetaframbjóðandann Charlotte Field er það tækifæri sem hann má alls ekki klúðra!

Rómantíska gamanmyndin *Long Shot* er nýjasta mynd leikstjórans Jonathans Levine sem á m.a. að baki myndirnar *The Wackness*, *Warm Bodies*, *50/50* og *The Night Before*. Hér vinnur hann með handrit Liz Hannah (*The Post*) og Dans Sterling (*The Interview*) og fjallar sagan um blaðamanninn og greinahöfundinn Fred Flarsky (Seth Rogen) sem þrátt fyrr að vera góðum rithæfileikum gæddur hefur strögglað meira og minna allan sinn feril. Fred hefur lengi verið ástfanginn af Charlotte Field (Charlize Theron), eða allt frá því að hún passaði hann þegar hún var ung og hann enn yngri. Á milli þeirra var hins vegar, og er auðvitað enn, sjö ára aldursmunur þannig að engar líkur voru á því að sú ást skilaði miklu. Auk þess fetaði Charlotte frambrautir í stjórnmálum sem hafa leitt til þess að hún er nú orðin vænlegur kandídat til forsetaframboðs og inn í þá mynd mun Fred Flarsky seint passa. Það er því frekar ólíklegt að leiðir hans og hennar eigi eftir að liggja saman á ný. En það gerist nú samt þegar honum býðst að skrifa framboðsræður Charlotte og upp úr því hefst skondin og rómantísk atburðarás sem kemur á óvart, ekki síst þeim sjálfum ...



Long Shot

Gamanmynd / Rómantík

12 125 mín

Aðalhlutverk: Charlize Theron, Seth Rogen, O'Shea Jackson Jr., Ravi Patel, Bob Odenkirk, June Diane Raphael, Andy Serkis, Alexander Skarsgård, Lisa Kudrow og Randall Park **Leikstjórn:** Jonathan Levine **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Skjaldborgarbíó, Króksbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 19. júní



Það kemur mörgum á óvart þegar Charlotte Field ræður Fred Flarsky til að skrifa framboðsræður sínar, ekki síst nánasta samstarfsfólki hennar og Fred sjálfum. Ravi Patel, June Diane Raphael, Seth Rogen og Charlize Theron í hlutverkum sínum í *Long Shot*.

Punktur

• Þess má geta að í raun er sjö ára aldursmunur á þeim Charlize Theron og Seth Rogen. Hún er fædd 1975 og hann 1982.



Veistu svarið?

Seth Rogen á 20 ára leikferilsafmæli um þessar mundir en hann sló í gegn í sínu fyrsta hlutverki í sjónvarpsþáttunum *Freaks and Geaks* árið 1999 þar sem hann lék Ken Miller. En hver var fyrsta bíómyndin sem hann lék í?



Donnie Darko




Andaðu léttar í sumar



Við ofnæmi án lyfseðils

Lóritín er ofnæmislyf sem dregur úr ofnæmiseinkennum og er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 tafla á dag. Vinsamlegast skoðið fylgiseðil lyfsins vegna skammta fyrir annan aldur.

Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is



Diego Maradona

Heimildarmynd



Höfundur: Asif Kapadia
Bíó: Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 19. júní



Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni gekk Diego Maradona til liðs við ítalska félagið Napoli sumarið 1984 og fékk fráfarandi félag hans metfé greitt fyrir hann, eða um 10,5 milljónir dollara. Hvaða félag var það?



Baikalona

Framinn kostar sitt

Argentínska fótboltahetjan Diego Maradona er að margra mati besti og hæfileikaríkasti knattspyrnumaður sögunnar enda var hann nánast tekinn í guðatölu þegar hann kom til Napoli árið 1984 og átti svo stóran þátt í að knattspyrnulið borgarinnar landaði sínum fyrsta deildarmeistaratitli tímabilið 1986–1987.

Diego Maradona er nýjasta heimildarmynd breska Óskarsverðlaunahafans Asifs Kapadia sem hlaut Óskarinn fyrir heimildarmyndina *Amy* árið 2016 og hefur þrisvar hampað BAFTA-verðlaunum fyrir bestu heimildarmyndir ársins, þ.e. fyrir myndirnar *Amy*, *Senna* og *The Warrior*. Fyrir gerð *Diego Maradona* fékk hann fullt samþykki Maradona og fullt listrænt frelsi til að segja sögu hans á sinn hátt og án nokkurra inngripa að hálfu Maradona. Þetta er því eins sönn saga og hún getur orðið ... og er um leið sögð í eitt skipti fyrir öll.



Í fyrri hluta myndarinnar er fjallað um feril Maradona bæði fyrir og eftir að hann gekk til liðs við ítalska félagið Napoli sumarið 1984. Í seinni hlutanum er síðan farið yfir hin mörgu hneykslismál sem Maradona átti aðild að og skóku bæði íþróttá- og fjölmiðlaheiminn.

Punktur

★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Screen*

- Þegar þetta er skrifað er nýbúið að frumsýnda myndina á kvikmyndahátíðinni í Cannes þar sem hún keppir um útnefningu sem besta heimildarmyndin. Þeir gagnrýnendur sem þegar hafa birt dóma sína fara um hana fögrum orðum og segja að hún sé jafnvel enn betri en fyrri myndir Asifs Kapadia, *Senna*, *Amy* og *The Warrior*. Er þá mikið sagt því þær myndir hlutu bæði Óskars- og BAFTA-verðlaunin og má því telja líklegt að *Diego Maradona* eigi eftir að standa uppi sem ein besta heimildarmynd ársins 2019.

- Fyrir utan almennt fréttafni fékk Asif Kapadia aðgang að einkasafni Maradona, en það reyndist innihalda meira en 500 klukkustundir af áður óbirtu efni sem Asif mátti nota í myndina að vild.



POSSESS THEM ALL



WELCOME TO THE HOME OF **THE CONJURING** UNIVERSE

ANNABELLE

COMES HOME

FRUMSÝND 26. JÚNÍ

SAMBÍON

Hið illa verður ekki lokað af

Eftir að hafa séð hvers megnug andsetna dúkkan Annabelle er ákveðið Warren-hjónin Ed og Lorraine að fara með hana heim til sín, loka hana inni í glerkáp sem hefur verið blessaður af presti og koma honum fyrir í rammgerðri geymslu í kjallara húss síns. En Annabelle lætur engan loka sig af til frambúðar.

Annabelle Comes Home er þriðja myndin úr sögu- og handritasmiðju James Wan og um leið sjöunda myndin í *The Conjuring*-seríunni sem hófst með samnefndri mynd árið 2013. Í þetta sinn er það Gary Dauberman sem sest í leikstjórstólinn í fyrsta sinn en hann er þó enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð enda skrifaði hann handrit fyrri *Annabelle*-myndanna ásamt James svo og handrit *It*-myndarinnar og framhaldsins, *It, Chapter Two*, sem verður frumsýnd í haust.

Þótt Warren-hjónin komi við sögu í myndinni er það dóttir þeirra Judy og vinir hennar sem þurfa að glíma við Annabelle í þetta sinn, því þegar Warren-hjónin bregða sér af bæ notar Annabelle tækifærið til að vekja upp illa anda sem búa í geymslunni auk síns eigin ...




Annabelle Comes Home

Tryllir



Aðalhlutverk: Vera Farmiga, Patrick Wilson, Madison Iseman, McKenna Grace, Katie Sarife, Stephen Blackheart, Steve Coulter, Paul Dean og Samara Lee **Leikstjórn:** Gary Dauberman **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Skjaldborgarbíó, Króksbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 26. júní



Í geymslunni þar sem Annabelle er geymd eru einnig geymdir ýmsir aðrir munir sem eiga sér dularfulla sögu rétt eins og hún.

Veistu svarið?

Þetta er í fjórða sinn sem bandaríska leikkonan Vera Farmiga leikur Lorraine Warren en það gerði hún fyrst í *The Conjuring* og síðan í framhaldsmyndinni *The Conjuring 2*. En í hvaða mynd lék hún þessa persónu í þriðja sinn?



The Nun



Í byrjun myndarinnar ákveða Warren-hjónin að flytja dúkkuna Annabelle heim til sín og loka hana inni í glerbúri í rammgerðri geymslu þar sem ýmsir aðrir dularfullir munir eru líka geymdir.

Punktar

- Sagan í *Annabelle Comes Home* er beint framhald af sögunni í myndinni *Annabelle* frá árinu 2014, en myndin *Annabelle Creation* sem var frumsýnd 2017 var forsaga þeirrar myndar.

- Þótt McKenna Grace, sem leikur Judy, dóttur Warren-hjónanna, sé aðeins 12 ára (hún verður reyndar 13 ára 25. júní) á hún að baki sjö ára leikferil í bandarískum sjónvarpsþáttum og bíómyndum. Á meðal hlutverka sem hún hefur leikið má nefna hlutverk Tonyu Harding í *I, Tonya*, og hlutverk Carol Danvers í myndinni *Captain Marvel*, en í báðum tilfellum lék hún auðvitað þessar persónur á sínum yngri árum.



McKenna Grace leikur Judy, dóttur Warren-hjónanna Eds og Lorraine.

RICK DALTON



NEBRASKA JIM

REGIA: **SERGIO CORBUCCI**

TECHNICOLOR® TECHNISCOPY®

Hefurðu heyrt um Bítlana?

Yesterday fjallar um tónlistarmanninn Jack Malik sem er alveg að gefast upp á að hafa í sig og á með tónlist þegar hann verður kvöld eitt fyrir bíl og missir meðvitund. Þegar hann vaknar er hann kominn inn í einhvers konar hliðarveröld þar sem Bítlarnir voru ekki til og enginn þekkir tónlist þeirra – nema hann.

Yesterday er nýjasta mynd Óskarsverðlaunaleikstjórans Danny Boyle og er gerð eftir handriti Richards Curtis sem m.a. á að baki handrit og leikstjórn myndanna *Love Actually*, *The Boat That Rocked* og *About Time* auk þess sem hann skrifaði handritin að rómantísku gamanmyndunum *Four Weddings and a Funeral* og *Notting Hill*.

Þótt Jack reyni til að byrja með að segja fólki að lög eins og *Yesterday* og *I Want to Hold Your Hand* séu eftir Bítlana en ekki hann þá þýðir það ekki neitt því um þá hefur enginn heyrt áður og því síður heyrst þessi lög. Þetta leiðir fljótlega til þess að Jack verður heimsfrægur og eftirsóttur, bæði af aðdáendum og tónlistarútgefendum. En frægðinni fylgir auðvitað falskur tónn sem Jack getur ómögulega hrist úr minni sér – en hvað getur hann gert þegar enginn trúir honum?



Yesterday

Rómantík / Tónlist / Gamanmynd

Aldurstakmark ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

112 mín

Aðalhlutverk: Himesh Patel, Lily James, Kate McKinnon, Ana de Armas, James Corden, Ed Sheeran, Lamorne Morris og Sophia Di Martino **Leikstjórn:** Danny Boyle **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Kringlunni og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

Frumstýnd 26. júní



Veistu svarið?

Leikstjórinn Danny Boyle á fjölbreyttan feril að baki enda hafa verkefni hans spannað allt frá æsilegum hrollvekjum upp í léttar, rómantískar gamanmyndir eins og *Yesterday*. En fyrir leikstjórn hvaða myndar hlaut hann Óskarsverðlaunin árið 2009?



Slumdog Millionaire



Það er breski leikarinn Himesh Patel sem leikur hér Jack Malik í sinni fyrstu bíómynd en hann er þekktur fyrir leik í ýmsum breskum sjónvarpsmyndum og þáttum, m.a. sem Tamwar Masood í *Eastenders*.

Punktar

• Ed Sheeran leikur sjálfan sig í *Yesterday*, en hermt er að hann hafi einnig átt stóran þátt í fjölbreyttu lagavali myndarinnar auk þess að semja dálítið af tónlistinni í henni. Ed hefur látið hafa það eftir sér að hans eigin lagasmíðar séu að stóru leyti innblásnar af lagasmíðum Bítlanna.



Lily James leikur kennarann Ellie sem hefur lengi verið skotin í Jack en glímur við að hann hefur eiginlega aldrei fattað það.



POP PLAY EAT



MÖGULEIKI Á AÐ
VINNA
SONY-
HÁTALARA
Á HVERRI
KLÜKKUSTUND*

 +  = MÖGULEIKI
Á AÐ VINNA!
WWW.PRINGLES.COM



*Vinsamlegast skoðaðu skilmála og skilyrði á kynningarumbúðunum áður en þú kaupir.
"Sony" and their logos are registered trademarks or trademarks of Sony Corporation.

Kíktu á DVD-, VOD-
og tölvuleikjahlutann:

